



Fjölbrautaskóli Suðurlands

MYNL3ML05

Kennsluáætlun – vorönn 2021

Kennarar áfangans:

Elísabet Helga Harðardóttir (EH), elisahelga@gmail.com

Áfangalýsing:

Í áfanganum vinna nemendur með ýmis konar myndefni og færa það upp í mismunandi stílbrigði. Myndflöturinn er vettvangurinn og hann sýnir hvernig hin ýmsu mótíf taka breytingum eftir stíl. Unnið er með myndefni eins og t.d. uppstillingar, landslag, fólk og fantasíur. Þetta er fært í mismunandi stíla eins og t.d. raunsæi, kúbisma, impressionisma og súrrealisma með hjálp listasögunnar og notaðar margvíslegar aðferðir eins og blýantur, vatnslitir, þurrpastellitir, þekjulitir, akrýllitir, blek, krít, kol og blönduð tækni.

Markmið áfangans:

Þekking

Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- hvernig myndefni taka breytingum eftir stílbrigðum.
- nokkrum mismunandi stílum
- þeim möguleikum sem mismunandi aðferðir bjóða upp á.
- nokkrum listastefnum frá 1870 og í kringum 1900.

Leikni

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- tileinka sér og vinna með sama myndefni út frá ákveðnum stílbrigðum.
- greina og vinna með ólíka stíla.
- nýta sér nokkrar ólíkar aðferðir og efni til myndsköpunar.
- greina mismunandi myndbyggingu og sjá hver áhrif hún hefur.
- færa rök fyrir myndverki sínu og lýsa með orðum þeim áhrifum sem þar má finna.

Hæfni

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að

- gera sína eigin mynd út frá mismunandi stílum og myndefni.
- beita ýmsum aðferðum við myndsköpun.
- nota ólík efni við myndsköpun.
- ná fram mismunandi áhrifum í verki sínu með ýmis konar myndbyggingu og litum.
- færa í orð og nota haldbær rök þegar myndlist er rædd.

Kennslubækur og kennslugögn

- Fyrirlestrar, innlög, glætur, internetið, sýnikennsla og verkleg kennsla en engar hefðbundnar kennslubækur.

Kröfur og verkefnaskil

- Skila þarf að lágmarki 80% af verkefnum annarinnar og lokaverkefni til að eiga möguleika á að standast kröfur áfangans.
- Nemendur útbúa möppur strax í byrjun annar fyrir verk sín.
- Nemendur geymi skissur og verkefni í möppunum og haldi vel utan um allt.
- Áfanginn er próflaus, símatsáfangi. Hver verkhluti hefur sitt vægi þar sem ekki einungis endanlegt verk liggur til grundvallar heldur líka vegferðin öll s.s. áhugi, vinnusemi, tilraunir, framfarir og mæting.

Efnisgjald

- Efnisgjald í áfanganum er 7000 kr gengur það upp í ýmiskonar liti og pappír og skal borga það á skrifstofu sem allra fyrst.

Vægi námsþátta í vetrareinkunn og tímaáætlun á önninni

- Mappa 5% Janúar
- Uppstilling - blýantur - raunsæi 15% Janúar
- Uppstilling - blek, krít eða kol - kúbismi 15% janúar - febrúar
- Portrett - fólk og fleira, ýmsar aðferðir og stílar 15% mars
- Fantasíur, ýmsar aðferðir og stílar 15% mars - apríl
- Lokaverkefni, með hluti úr uppstillingu, verur, andlit, umhverfi sem er fjarviddarborg og náttúra 25% apríl - maí
- Sýning 10% Undirbúningur alla önnina. Uppsetning 9. Sept. 2021 kl. 16-18

Annað

- Tölvur og símar leyfðir í tímum enda mikilvæg vinnutæki. Nemendur eru þó beðnir um að lágmarka notkun á samfélagsmiðlum, símtölum og skilaboðum hvers konar og einbeita sér sem mest að sköpuninni og vinnunni.

Kennsluáætlunin er gerð með fyrirvara um breytingar.

Mappa

2 karton í A2 stærð, límd á tvo vegu. Nafn nemanda fer á límdu langhliðina. Nafn áfanga - MYNL3ML05, F.Su., vor 2021, eða v'21 er staðsett eins og hver vill á möppunni.

Á framhlið möppunnar eru gerðar stíltíla raunir. Nemendur prófa síla frá 1870 og í kringum 1900 til að átta sig á þeim.

Myndefni í ýmsum stílum má skoða á netinu en ekki nota beint í eigin verk. Nemendur skrifa nöfn þeirra stíla sem þeir æfa og jafnvel listamannanna líka.

Pointillism - Deplastíll, Impressionism, Expressionism, Fauvismi - óargadýrin, Cubismi, Futurismi, Abstrakt, Surrealismi, Art Nouveau og raunsæi - realism - romantic realism - romanticism.

Skissurnar gerðar beint á möppuna.

Kyrralífsmynd - raunsæ

Uppstillingar - blýantur - raunsæi A3 stærð.

Kyrralífsmyndum stillt upp í stofunni. Nemendur mega líka koma með hluti að heiman eða finna sér myndir á netinu.


Val hluta í uppstillingu gefur myndinni merkingu og innihald. Flöskur, skálar, ávextir, glös, bollar, blóm, hljóðfæri og fleira.

Dúkar og efni í bakgrunni leika með andstæðum í uppstilltum hlutum. Hlutirnir sýna litabreytingar sem og umhverfið í svörtum, hvítum og grátónum.

Eitthvað undarlegt að gerast í myndinni? Hvað ætti það að vera?

Nemendur hafi í huga hvernig myndbyggingin verður og áhrif hennar. (Lárétt, lóðrétt og/eða með skálínum, þríhyrningur, hringur, munstur, hrynjandi, óreiða)

Gerðar litlar skissur af hverjum hlut í byrjun. Síðan er öllu raðað saman þannig að allt að njóti sín vel og bakgrunnur styðji við myndefnið.



Kyrralífsmynd – kúbismi

Uppstillingar A3 stærð Nemendur hafi í huga hvernig myndbyggingin verður og áhrif hennar. (Láréttar línur, lóðréttar og/eða skálínur, þríhyrningur, hringur, munstur, hrynjandi, óreiða) .

Val hluta í uppstillingu gefur myndinni merkingu og innihald.

Efni og aðferð í uppstillingunni - blek, krít eða kol, dagblaðaklipp - kúbismi.

Nemendur gera myndir af ímynduðum skálum, flöskum, ávöxtum, hljóðfærum og öðrum hlutum sem finna má í uppstillingum munið innihald og merkingu.

Þegar allt er komið á sinn stað er myndin brotin upp með línunum, beinum og eða bogalínunum á ská, láréttum og eða lóðréttum. Með þessari aðferð og þrívíddar skyggingu fáum við kúbísk áhrif í myndina á einfaldan hátt.

Reitirnir eru ýmist svartir hvítir eða fá ýmis konar pennaskyggingu og munstur, það má líka nota texta úr dagblöðum sem munsturáhrif. Bara að allt njóti sín vel. Gerðar litlar skissur í byrjun



Portrett - Andlitsmynd.

Ein manneskja eða fleiri saman.

Neikvæða rýmið, bakgrunnurinn skiptir máli það þarf að láta andlitið njóta sín í góðum andstæðum.

Aðferðir mega vera mismunandi í samráði við kennara, blek, blýantur, þurrpastel eða vatnslitir á pappír, blönduð tækni, endurvinnsla eða þrívíð verk í leir.

Litir og litameðferð, litabreytingar eða andstæður í skyggingum og munstur gefa myndinni áhrif.

Minnst A3 stærð Myndefnið í ýmsum stílum má skoða á netinu en ekki nota beint í eigin verk, þá er gott að finna ljósmyndir af þeim mótífum sem á að vinna með skissa þau og færa svo upp í mismunandi stílbrigði. Gerðar litlar skissur í byrjun.

Raunsæi Pointillism - deplastíll Impressionism Expressionism Fauvism - óargadýrin Cubism - kúbismi Surrealism - súrrealismi Futurism Abstrakt